


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015		
Höfundur: HRS		
Sampykkt: HJS		
Síða 1 af 3	BÓKF1DH05	Námsáætlun haustönn 2015

Kennari	Leifur Brynjólfsson	LEB	
----------------	---------------------	------------	--

Áfangalýsing: Fjallað er um grundvallaratriði tvíhliða bókhalds. Nemandanum er gerð grein fyrir hlutverki bókarans og tilgangi bókhaldsins. Algengustu reikningar eru kenndir fyrst og flokkun þeirra í eignir, skuldir, gjöld og tekjur. Farið í dagbókarfærslur, prófjöfnuð, opnun og lokun höfuðbókar, tengsl hennar við dagbók og gerð einfalds efnahags- og rekstrarreiknings. FOB og CIF skilmálar útskýrðir og munurinn á eðli sölu- og innkaupakostnaðar. Farið yfir reglur um virðisaukaskatt og hvernig þeim er beitt í bókfærslunni. Unnið með reikningsuppgjör og lokun höfuðbókar með einföldum athugasemdum s.s. ógreiddum og fyrirfram greiddum kostnaði og vöxtum. Mikil áhersla er lögð á vönduð vinnubrögð nemanda og góðan frágang. Nemandinn fær æfingu í notkun töflureiknis við færslu bókhaldsins.

Markmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- grunnhugtökum bókfærslu
- helstu lögum um bókhald
- sambandi dagbókar og höfuðbókar
- einföldustu aðgerðum töflureiknis

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:


- færa einfaldar dagbókarfærslur
- stilla upp prófjöfnuði
- færa niðurstöður dagbókar í aðalbók
- setja upp efnahags- og rekstrarreikning
- reikna út hagnað og tap
- gera upp viðskipti fyrir ákveðið tímabil með einföldum athugasemdum
- gera upp virðisaukaskatt

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- nýta niðurstöður dagbókar til að setja upp tvíhliða bókhald
- færa einfaldar færslur í fjárhagsbókhaldi
- rökstyðja einstakar færslur í bókhaldi


Námsgögn: Bókfærsla I eftir Tómas Bergsson (Útg. 2009 eða nýrri).

Ein dagbók og ein höfuðbók.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS		
Síða 2 af 3	BÓKF1DH05	Námsáætlun haustönn 2015

Áætlun um yfirferð:

Vika		Verkefni
34	Námsáætlun. Kynning á áfanganum. Hvað er bókhald? Tilgangurinn, bókhaldsbækur, reikningar, uppgjör, hagnaður og tap. Nokkrir algengir reikningar.	
35	Nokkrir algengir reikningar (læra vel).	Verkefni 1 og 2.
36	FOB og CIF, innkaupakostnaður, upprifjun.	Verkefni 3 og 4.
37	Nýir reikningar; sjóðsreikningur, vaxtatekjur, vaxtagjöld og einkareikningur.	Verkefni 5.
38	Áhaldareikningur, afskriftir.	Verkefni 6 og 7.
39	Áhaldareikningur, afskriftir.	Verkefni 8 og 9.
40	Kreditkort. Tímapróf 1 (dagbók).	Verkefni 10, og 11. Tímapróf 1.
41	Reikningsjöfnuður, ógreidd gjöld í lok tímabils.	Verkefni 12 og 13.
42	Reikningsjöfnuður, fyrirfram greitt í lok tímabils.	Verkefni 14 og 15.
43	Virðisaukaskatturinn. Tímapróf 2 (dagbók).	Verkefni 17. Tímapróf 2.
44	Virðisaukaskatturinn, áframhald.	Verkefni 18 og 19.
45	Dagbók og reikningsjöfnuður. Tímapróf 3 (Reikningsjöfnuður).	Verkefni 20 og 21. Tímapróf 3.
46	Nýtt form.	Verkefni 22, 23 og 24.
47	Tapaðar kröfur.	Verkefni 25 og 26.
48	Upprifjun. Tímapróf 4 (dagbók, höfuðbók og reikningsjöfnuður).	Tímapróf 4.
49	Upprifjun.	

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015	BÓKF1DH05 Námsáætlun haustönn 2015	
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS		
Síða 3 af 3		

Námsmat og vægi námsþátta:

Námsmat	Lýsing	Vægi
Lokapróf	Dagbók (50%), höfuðbók (10%), reikningsjöfnuður (40%) Á lokaprófi þarf nemandi að ná að minnsta kosti einkunninni 4 til þess að vetrareiknunn gildi.	60%
Skyndipróf	Fjögur tímapróf verða á önninni, þrjú bestu gilda (10% hvert)	30%
Þátttaka	Ástundun, vinnusemi, vinnubrögð, frammistaða, umgengni, frágangur o.fl.	10%

Með fyrirvara um breytingar.

Dagsetning: 19. ágúst 2015


Undirritun kennara


Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils